

Alþingi
Erindi nr. P 138/1078
15.2.2010
komudagur

From: gudridur.thorsteinsdottir@hbr.stjr.is [mailto:gudridur.thorsteinsdottir@hbr.stjr.is]
Sent: 15. febrúar 2010 13:02
To: Unnur Kristín Sveinbjarnardóttir
Cc: Þuríður Backman
Subject: RE: Heilbrigðisnefnd Alþingis

Sæl Unnur Kristín

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins er gott dæmi um stofnun þar sem gildandi ákvæði laga hafa haft hamlandi á skipulagsbreytingar. Þar eru auk framkvæmdastjóra lækninga og framkvæmdastjóra hjúkrunar **30 faglegir millistjórnendur**, þ.e. yfirlæknir og yfirhjúkrunarfræðingur á hverri af 15 heilsugæslustöðvum. Á hverri heilsugæslustöðu eru 20-40 starfsmenn. Þetta gerir samskipti framkvæmdastjórnar stofnunarinnar við stöðvarnar mjög þung í vöfum og óskilvirk. Það hefur m.a. verið til umræðu að það væri bæði skilvirkara og ódýrara að fækka þessum millistjórnendum, t.d. þannig að hafa einn yfirlækni og einn yfirhjúkrunarfræðing yfir 3-4 heilsugæslustöðvum. Það hefur hins vegar ekki þótt fært að óbreyttum lögum. Svipaðar lausnir gætu einnig átt við sums staðar utan höfuðborgarsvæðisins, en þar eru heilsugæslustöðvar oft mun minni. Á fjórum einingum HH (öðrum en heilsugæslustöðvum) er einn faglegur yfirmaður á hverri, enda engin ákvæði í lögnum um tvo faglega millistjórnendur á slíkum einingum. (sjá skipurit HH)

Ég tek fram að fækkun yfirlækna og yfirhjúkrunarfræðinga í heilsugæslunni mundi ekki hafa í för með sér uppsagnir, heldur yrði störfum viðkomandi yfirlækna og yfirhjúkrunarfræðinga breytt í almenn störf lækna og hjúkrunarfræðinga. Ekki verður heldur séð að slík breyting mundi hafa nein áhrif á öryggi sjúklinga né draga úr þjónustu, nema síður væri (fleiri hefðu meiri tíma til að sinna sjúklingum)

Ég held að það gæti verið æskilegt að nefndin fengi forstjóra og framkvæmdastjóra lækninga og hjúkrunar heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins á fund sinn til að ræða þetta.

Með kveðju,

Guðríður

